

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 85/2000

frá 2. október 2000

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn
um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2000 frá 28. júní 2000⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 160/2000 frá 24. janúar 2000 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3201/90 um nákvæmar reglur fyrir lýsingu og kynningu á vínum og þrúgusafa⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 26. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3201/90) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:

„- **32000 R 0160:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 160/2000 frá 24. janúar 2000 (Stjtið. EB L 19, 25.1.2000, bls. 19).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 83 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 42, 21.9.2000, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 19, 25.1.2000, bls. 19.

2. gr.

Texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 160/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 2. október 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

